

Börkur Sigurbjörnsson

Oui

örsaga



Urban Volcano

Oui

Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2024


<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



OUI

Ég settist niður á kaffihúsi til þess að fá mér morgunverð. Á morgun átti ég að halda fyrirlestur á ráðstefnu um netafræði en í dag ætlaði ég að ramba um götur Parísar og kynnast því sem borgin hefði upp á að bjóða. Ég hafði ekki neitt plan varðandi það hvert ég ætlaði. Ég ætlaði bara að röltu um og sjá hvert fætturnir bæru mig. Það eina sem ég vissi fyrir víst var að ég hafði ákveðið að reyna að haga mér ekki eins og ferðamaður. Ég ætlaði að falla inn í fjöldann og láta líta út eins og ég væri Parísarbúi.

Þjónn kom að borðinu og spurði hvað mætti bjóða mér. Ég bar fram setninguna sem ég hafði endurtekið í sífellu í huganum frá því að ég opnaði augun um morguninn.

„Croissant et café au lait,“ sagði ég eins örugglega og ég mögulega gat. Samt sem áður hljómaði setningin ekki eins vel þegar ég sagði hana upphátt og hún hafði gert í huga mér allan morguninn. Hljómfallið var annað. Stíðara. Upphátt flæddu orðin eins og grjóthlass af vörubílspalli í rigningu en ekki eins og ljúfi lækurinn á sólríkum sumardegum sem ég hafði ímyndað mér í huganum.

„Un croissant et un café crème,“ þuldi þjónninn upp um leið og hann skrifaði pöntun mína samviskusamlega í skrifblökkina sína.

Í stað þess að ganga frá borðinu og inn í eldhús til þess að afgreiða pöntunina þá hélt þjónninn kyrru fyrir og dembdi yfir mig bunu af frönskum orðum sem ég hafði ekki hugmynd um hvað þýddu. Það hafði ekki verið hluti af sviðsmyndinni sem ég hafði gert mér í hugarlund um morguninn að pöntunin innihéldi meira en einfalda beiðni og skilyrðislausu framkvæmd. Nú var um að gera að viðurkenna ekki vanmátt minn. Ekki gefast upp. Ekki tapa kúlinu. Ég varð að ímynda mér hvernig alvöru Parísarbúi myndi bregðast við.

„Oui,“ sagði ég kæruleysislega þegar þjónninn hafði lokið máli sínu.

Þjónninn kinkaði kalli, brosti og gekk í átt að eldhúsinu. Ég viðurkenndi fyrir sjálfum mér að það gæti orðið þrautinni þyngra að reyna að haga sér eins og heimamaður án þess að geta talað frönsku að nokkru ráði. Var ég hugsanlega að baka mér

vandræði? Hverju hafði ég eiginlega játað? Það gat þó varla verið harla alvarlegt þar sem þjónninn hafði tekið svari mínu eins og það hefði verið alveg sjálfsagt. Ég gat því slappað af á ný og snúið mér að fyrirfram ákveðnu dagskránni.

Ég fylgdist með fólkinu á götunni og reyndi að finna eitt-hvað í fari þess sem ég gæti tekið upp til þess að geta blekkt fólk til þess að halda að ég væri heimamaður. Við fyrstu athugun virtist það helst vera tvennt sem einkenndi Parísarbúa. Þeir reyktu og gengu yfir götur á rauðu ljósi. Ég ákvað að láta reykingarnar eiga sig en einsetti mér að á rölti dagsins myndi ég ekki bíða eftir græna karlinum ef umferðin leyfði annað.

Það leið ekki á löngu áður en þjónninn kom til baka og lagði bolla af mjólkurkaffi og smjördeigshorn á borðið fyrir framan mig. Morgunverðurinn leit út fyrir að vera nákvæmlega eins og ég hafði gert mér í hugarlund. Jáið mitt við einræðu þjónsins virtist ekki hafa skaðað neitt—hvað sem það hafði nú verið sem ég játti. Ég ákvað að dvelja ekki við þá hugsun lengur. Ég yrði bara að ganga í gegnum lífið án þess að hafa hugmynd um það hvað þjónninn hafði sagt.

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, myndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano